# Reglur um snjalltæki nemenda í grunnskólum Fjarðabyggðar

- Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, síma eða snjallúr, á skólatíma, hvorki í skólanum eða á skólalóð. Nemendur geyma snjalltæki heima eða á öruggum stað í skólanum, s.s. í töskunni. Taki nemendur þau með í skólann skal vera slökkt á þeim eða þau stillt á hljóðlausa stillingu. Skólastjóri getur gert undantekningu frá þessari reglu í ákveðnum tilvikum, s.s. ef nemendur þurfa að nýta snjallsíma af heilsufarsástæðum eða þegar farið er í lengri skólaferðalög.

- Brjóti nemandi þessar reglur skal starfsfólk benda nemanda á að setja tækið niður í tösku og slökkva á því. Brjóti nemandi ítrekað þessar reglur skal honum vísað til skólastjóra þar sem nemandi afhendir tækið og foreldrar sækja það. Nemendur hafa heimild til að neita að afhenda slík tæki og þá skulu foreldrar koma í skólann og ná í tækið áður en nemandi fer aftur í tíma.

- Þessar reglur og framkvæmd þeirra skal endurskoða í maí 2019.

Fjarðabyggð 14.desember 2018

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt í fræðslunefnd 5. desember 2018
Samþykkt í bæjarráði 10. desember 2018
Samþykkt í bæjarstjórn 13. desember 2018